

Er leyfilegt að halda úti heimasíðum fyrir börn? Þar sem börnin sjálf hafa ekkert um þetta að segja þykja mér þessar heimasíður, þ.e. þær sem allir geta skoðað, frekar siðlausar.

Geta börn látið gera göt í eyrun eða fengið sér húðflúr án leyfis frá foreldrum?

Getur leikskólastjóri svikið loforð um að taka við barni? Hann segist ekki geta tekið við barninu á tilsettum tíma vegna manneklu og segist engu getað lofað um það hvenær barnið kemst að í leikskólanum.

Hitt foreldrið sinnir ekki umgengni. Hvað get ég gert?

Hvað felst í Barnasáttmálanum?

Hvað geri ég ef barnið mitt vill ekki fara í umgengni til hins foreldrisins?

Hvað get ég gert ef barnsmóðir/barnsfaðir tálmar umgengni?

Hvað má 16 ára unglingur vera lengi úti á kvöldin?

Hvað þurfa börn að vera orðin gömul til að ráða hvernig umgengni er háttáð?

Hvað þurfa börn að vera orðin gömul til að sækja systkini sín í leikskóla?

Hvaða rétt hafa afar og ömmur varðandi umgengni við barnabörn?

Hvenær mega unglingar byrja að vinna við barnagæslu?

Hver er upplýsingaskylda skóla við forsjárlausa foreldra?

Hvernig á að bregðast við þegar ósakhæft barn eða unglingur á grunnskólaaldri brýtur rúðu eða fremur annað skemmdarverk á skólalóð?

Má barn flytja til forsjárlaus foreldris ef það vill það?

Má beina innheimtu að börnum?

Mega bankar og önnur fyrirtæki senda börnum markpóst?

Mega börn kaupa sér ferðir til útlanda?

Mega foreldrar lesa tölvupóst barna sinna eða afrita það sem barnið hefur skrifað á Netinu, án vitundar barnsins?

Þegar fólk hefur sambúð og konan á barn fyrir með öðrum manni en hefur forsjána ein, hverjar eru þá skyldur stjúpforeldrisins gagnvart barninu?

Er leyfilegt að halda úti heimasíðum fyrir börn? Þar sem börnin sjálf hafa ekkert um þetta að segja þykja mér þessar heimasíður, þ.e. þær sem allir geta skoðað, frekar siðlausar.

Svar:

Það er í sjálfu sér ekki ólöglegt að halda úti slíkum heimasíðum, nema auðvitað ef myndir eða umfjöllun brjóta á einhvern hátt í bága við lög, til að mynda barnaverndarlög, almenn hegningarlög eða lög um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga. Börn njóta að sjálfsögðu verndar samkvæmt þessum lögum.

Ef foreldrar vilja birta myndir af sér og börnum sínum á Netinu er það þeirra mál. Vonandi er þessum foreldrum ljóst að allt sem birt er á Netinu eru opinber gögn sem allir hafa aðgang að og geta vistað hjá sér. Ef einhver verður var við að á slíkum heimasíðum séu mögulega myndir eða umfjöllun sem fer í bága við lög er hægt að láta þann sem hýsir síðuna vita og þá er mögulegt að loka fyrir síðuna. Einnig er hægt að kæra slíkt til lögreglu.

Umboðsmaður barna tekur undir með þér, að foreldrar sem ákveða að halda úti heimasíðu um börn sín verða að fara varlega og huga að því að barnið hefur sinn rétt til friðhelgi einkalífs og það verða að vera einhver takmörk fyrir því hvaða upplýsingar um barnið eru settar á Netið. Umboðsmaður er sammála þér að ýmsar upplýsingar um börn eiga alls ekki heima á Netinu fyrir allra augum og ekki er víst að barnið verði sátt við birtingu slíkra upplýsinga þegar það sjálft verður fullorðið.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar má benda þér á Persónuvernd sem starfar samkvæmt lögum um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga nr. 77/2000. Heimasíða Persónuverndar er www.personuvernd.is

Geta börn látið gera göt í eyrun eða fengið sér húðflúr án leyfis frá foreldrum?

Svar:

Nei, til þess að láta gera göt í eyrun eða fá húðflúr þurfa börn undir 18 ára að framvísa skriflegu leyfi forráðamanns.

Húðgötun barna var til umfjöllunar hjá embætti umboðsmanns barna á árunum 1997-2001 en á því tímabili bárust nokkuð margar ábendingar um börn sem létu gata á sér húðina eða setja á sig húðflúr án vitundar og/eða vilja foreldra sinna. Árið 2001 gáfu Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga síðan út leiðbeinandi reglur um líkamsgötun og húðrof, þar með talin húðflúr. Þessar reglur er nú að finna í 47. gr. [reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002](#):

Rekstraraðila ber að afla vottorðs frá landlækni.

Óheimilt er að flúra, húðgata eða beita nálarstungu á einstaklingi undir 18 ára aldri nema með skriflegu leyfi forráðamanns. Framvísa skal skilríkjum ef vafi leikur á um aldur. Engan

má flúra, húðgata eða beita nálarstungu sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Viðskiptavinir og forráðamenn í viðeigandi tilvikum skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um húðflúr. Upplýsingarnar skulu m.a. fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, mögulega sýkingarhættu, eftirmeðferð á flúraða eða gataða húðsvæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð.

Eftirlit með því að reglugerðinni sé framfylgt liggur hjá heilbrigðisnefnd í hverju sveitarfélagi. Nánari upplýsingar um þetta ættir þú því að geta fengið hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, hjá Umhverfisstofnun eða hjá Landlæknisembættinu.

Landlæknisembættið hefur tekið saman leiðbeiningar varðandi húðflúr og húðgötun. Þar kemur fram að landlæknir leggst gegn þessu þar sem ekki er hægt að útiloka að smit berist milli manna, bæði bakteríusmit og smit vegna alvarlegra veirusýkinga. Leiðbeiningarnar er hægt að lesa [hér](#). Nánari upplýsingar um hugsanlegt smit er hægt að fá hjá hjúkrunarfræðingi eða lækni.

Getur leikskólastjóri svikið loforð um að taka við barni? Hann segist ekki geta tekið við barninu á tilsettum tíma vegna manneklu og segist engu getað lofað um það hvenær barnið kemst að í leikskólanum.

Svar:

Samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum mannréttindasamningum, svo sem Barnasáttmálanum, hvílir meginábyrgðin á uppeldi og umönnun barna á herðum foreldra. Börn eiga því fyrst og fremst rétt gagnvart foreldrum sínum. Foreldrar og börn eiga síðan sameiginlega rétt á því að stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, styðji foreldrana í því mikilvæga hlutverki sem uppeldi barna er.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 eru dagvistarmál eitt af lögbundnum verkefnum sveitarstjórna. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að tryggja framboð á leikskólarýmum „eftir föngum” og skulu þau láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Sá réttur sem íbúum sveitarfélaga er tryggður með lögum þessum er þó almenns eðlis en útfærsla réttarins í einstökum tilvikum er á forræði hvers sveitarfélags.

Um starfsemi leikskóla gilda sérstök [lög, nr.78/1994](#) þar sem m.a. er kveðið á um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum, m.a. þá að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Þau setja rekstraraðilum leikskóla skýrar reglur sem fyrst og fremst taka mið af hagsmunum barna. Í þeim segir m.a. að leikskóli annist að ósk foreldra uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi. Í [reglugerð um starfsemi leikskóla \(nr. 225/1995\)](#) er kveðið enn frekar á um þá þætti í rekstri leikskóla sem eru grunnforsendur þess að uppeldismarkmiðum laganna verði náð. Þar er m.a. kveðið á um húsnaði, búnað, leiksvæði, starfslið og barnafjölda. Þeir sem reka leikskóla eru bundnir af þessum reglum og mega ekki taka við börnum nema þeir fullnægi þeim kröfum, sem þær setja.

Á síðustu árum hefur atvinnuástand verið með þeim hætti að erfitt hefur verið að manna leikskólana í samræmi við þessar reglur. Það er auðvitað afleitt og kemur sér illa fyrir foreldra og börn en því má ekki gleyma að reglurnar eru fyrst og fremst settar vegna hagsmuna barna, eins og áður segir, og ekki má slá af þeim kröfum.

Ef ekki tekst að ráða hæft fólk til að starfa á leikskólanum er þess vegna því miður lítið hægt að gera í stöðunni. Skiljanlega getur leikskólastjórinn engu lofað þar sem ófyrirséð er hvernig mun ganga að ráða starfsfólk. Þangað til er barnið á ábyrgð foreldranna sem ber að sjálfsögðu að haga málum á þann hátt sem er barninu fyrir bestu.

Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila og hann er því í þessu tilviki rétti aðilinn til að þrýsta á um að barnið komist sem fyrst að. Sérstök nefnd fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar, sem á síðasta orðið. Sveitarfélög hafa mismunandi hátt á því hvaða nefnd þeir fela þetta verkefni. Sum hafa sérstakar leikskólanefndir en önnur fela félagsmálanefnd eða skólanefnd að fara með leikskólamáli. Ef þú ert ósátt(ur) við afgreiðslu leikskólastjórans getur þú leitað til þeirrar nefndar og/eða þeirrar skrifstofu sem fer með leikskólamálin í þínu sveitarfélagi.

Hitt foreldrið sinnir ekki umgengni. Hvað get ég gert?

Svar:

Í [barnalögum](#) nr. 76/2003 er kveðið á um umgengnisrétt en hann felur í sér rétt til samveru foreldris og barns. Þau sjónarmið sem umgengnisreglur VIII. kafla barnalaga nr. 76/2003 byggja á, eru að barn eigi rétt á samskiptum við báða foreldra sína, enda sé slíkt ekki talið andstætt hagsmunum þess. Jafnframt er kveðið á um rétt og skyldu foreldra til þess að rækja þessa umgengni sbr. 46.gr. laganna:

46. gr. Umgengnisréttur.

Barn á rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Við skilnað eða slit á sambúð hvílir sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur.

Foreldri sem barn býr ekki hjá á í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn sitt. Skal það foreldri greiða kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Foreldrar geta samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti, enda fari sú skipan ekki í bága við hag og þarfir barnsins.

Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi skv. 3. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina þeim um réttaráhrif samnings. Sýslumaður getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns.

Samkvæmt ofangreindu er það gagnkvæmur grundvallarréttur barns og þess foreldris sem barn býr ekki hjá að njóta samneytis hvort við annað. Jafnframt ber því foreldri sem barn býr hjá að staðaldri skylda til að sjá til þess að þessi grundvallarréttur sé virtur. Ef það foreldri bregst þeirri skyldu sinni er unnt að knýja fram umgengni með því að leita til sýslumanns.

Ef foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu sinni, þ.e. hefur hvorki löngun né vilja til þess að eiga samneyti við barn sitt, er hins vegar því miður fátt til ráða. Það má í þessu samhengi velta fyrir sér hvort umgengni sem knúin væri fram með þessum hætti geti einhvern tíma verið til þess fallin að þjóna hagsmunum barnsins. Foreldrar missa auðvitað af miklu þegar þeir velja að umgangast ekki börn sín. Misjafnt er þó hversu miklu börnin missa af við að umgangast ekki foreldri sem sýnir þeim hvort sem er ekki áhuga. Þegar svo er komið, reynist oftast best að vinna út frá stöðunni eins og hún er, þ.e. setta sig við staðreyndir og horfa fram á veginn með jákvæðu hugarfari. Hafi barn hins vegar sterka löngun til samneytis við það foreldri sem ekki sinnir umgengnisskyldu sinni þrátt fyrir fögur fyrirheit og barn upplifir mikla höfnun getur verið nauðsynlegt að barn fái aðstoð fagaðila sem getur stutt það og aðstoðað við að takast á við hlutina.

Oft velta foreldrar því fyrir sér hvort það foreldri sem barn býr ekki hjá og vanrækt hefur umgengni við það geti hvenær sem krafist umgengni við barnið þótt umgengni hafi verið lítil sem engin í langan tíma. Við þessar aðstæður má oft líta svo á að samningur um umgengni sé ekki lengur í gildi vegna vanefnda og því ekki hægt að beita þvingunarúrræðum. Hér verður að hafa í huga að réttindi barnsins eiga að vera í fyrirrúmi - ekki samskiptaörðugleikar foreldra.

Í [barnalögum](#) segir í 28. grein: „Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá auknið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.“ Ef foreldri sem barn býr ekki hjá hefur vanrækt umgengni við barnið í lengri tíma getur komið til þess að barnið tjáir skýran vilja sinn gegn því að það foreldri fái umgengni síðar. Í slíkum tilfellum getur komið til greina að breyta fyrirkomulagi umgengninnar til reynslu, t.d. þannig að barnið hitti foreldri sitt í styttri tíma og gisti ekki hjá því.

Fólki er alltaf í sjálfsvald sett að breyta umgengnissamningi. Sýslumaður getur aðstoðað við þess háttar breytingar og veitt foreldrum ráðgjöf. Þegar foreldrar eru ósammála um hvernig umgengni skuli háttað úrskurðar sýslumaður um umgengni skv. 47. gr. barnalaga. Samkvæmt greinargerð með [frumvarpi til barnalaga](#) eru þau atriði sem helst koma til skoðunar við ákvörðun umgengni þessi:

- Tengsl barns við umgengnisforeldri.
Hér skiptir máli hvernig og hve mikil umgengni hefur verið áður. Ef umgengni er t.d. ákveðin í framhaldi af skilnaði eða sambúðarslitum foreldra mælir það með ríflegri umgengni.
- Aldur barns.
Aldur barns getur skipt miklu máli þegar umgengni er ákveðin. Ef barn er mjög ungt getur það skipt máli varðandi lengd dvalar og hvort það skuli gista hjá umgengnisforeldri eða ekki. Þannig er mjög ungt barn sjaldan úrskurðað til að dvelja næturlangt hjá umgengnisforeldri gegn vilja forsjárforeldris.
- Vilji barns.
Ef um stálpuð börn er að ræða skiptir vilji þeirra miklu máli. Ekki er úrskurðað gegn vilja stálpaðs barns.
- Búseta foreldra.
Ef foreldrar búa í hvort í sínum landshlutanum gilda aðrar umgengnisreglur en þegar foreldrar búa í sama sveitarfélagi.
- Hvernig umgengni var hagað áður.
Hafi ákveðið fyrirkomulag verið á umgengni er tekið mið af því.
- Aðfangadagskvöld.
Sú verklagsregla gildir yfirleitt að börn skuli dvelja hjá því foreldri sem það hefur fasta búsetu

hjá á aðfangadagskvöld. Þetta styðst m.a. við þau rök að þar hefur barn oftast undirbúið jólin.

- Gagnkvæm umgengni.
Ef systkini búa hvort hjá sínu foreldrinu verður að gera þeim mögulegt að umgangast hvert annað.
- Foreldri búsett erlendis.
Ef krafa kemur fram um að umgengni fari fram annars staðar en á Íslandi og forsjárforeldri er því andvíggt hefur þótt rétt að hafna slíkri kröfu ef um er að ræða önnur lönd en Norðurlönd.

Vert er að mæla með bókinni *Barnasálfræði frá fæðingu til unglingsára* eftir Álfheiði Steinþórsdóttur og Guðfinnu Eydal (Reykjavík, Mál og menning, 1995). Í bókinni er sérstakur kafli sem ber heitið „Umgengni eftir skilnað“. Þar er fjallað um umgengni barna á mismunandi aldurstigum og gefin góð ráð fyrir foreldra í umgengnismálum.

Á vef [dómsmálaráðuneytisins](#) er að finna [undirsíðu með upplýsingum um málefni barnalaga](#). Þar er m.a. gerð grein fyrir reglum barnalaga um faðerni barna, forsjá, umgengni foreldra og barna og meðlag. [Sýslumaðurinn](#) er sameiginlegur vefur sýslumannsembættanna. Þar eru upplýsingar um verkefni sýslumanna og umdæmi svo og ýmsar leiðbeiningar fyrir þá sem þurfa að leita til embættanna. Undir flípanum [Sifjamál](#) m.a. er að finna mjög gagnlegar upplýsingar um umgengnismál.

Hvað felst í Barnasáttmálanum?

Svar:

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 kveður á um skyldur ríkisins til að tryggja börnum ýmis grunnréttindi.

Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Jafnframt felst í honum viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi – óháð réttindum hinna fullorðnu.

Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis. Jafnframt leggur hann skyldur á aðildarríkin til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.

Samningurinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi en hann var fullgiltur árið 1992 og það felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði samningsins. Lög og reglur sem eru í gildi hér eiga því að vera í samræmi við Barnasáttmálann.

Barnasáttmálinn hefur verið staðfestur af 192 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna (öllum nema Sómalíu og Bandaríkjunum) og er hann sá mannréttindasamningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum.

[Hér](#) eru meiri upplýsingar um Barnasáttmálann.

Hvað geri ég ef barnið mitt vill ekki fara í umgengni til hins foreldrisins?

Svar:

Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 eiga börn rétt á að þekkja báða foreldra sína og umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki talið andstætt hagsmunum þess. Á sama hátt á foreldri bæði rétt og skyldu foreldris til að rækja þessa umgengni við barn sitt, sbr. 46. gr. laganna. Það foreldri sem barn býr hjá á sömuleiðis og stuðla að því að þessi grundvallarréttur barns sé virtur.

Þó að barnalögin kveði á um að umgengni barns við foreldri skuli vera reglubundin er ekki beinlínis tekið fram hversu mikil hún eigi að vera. Inntak umgengninnar ræðst því fyrst og fremst af samkomulagi milli foreldra. Ef foreldrar geta ekki komið sér saman um umgengnina er hægt að leita til sýslumanns og óska eftir úrskurði. Sýslumaður tekur þá ákvörðun um hvernig umgengni skuli háttáð úr frá því sem er barninu fyrir bestu hverju sinni.

Í 28. grein barnalaga segir: „Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.” Ber foreldrum því að ávallt að líta til vilja barns áður en þeir taka ákvörðun um umgengni og taka tillit til hans.

Þegar barn lýsir yfir skýrum vilja til þess að fara ekki í umgengni getur verið erfitt fyrir það foreldri sem barnið býr hjá að neyða það í umgengni. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að ræða málin og komast að því af hverju barnið vill ekki fara í umgengni.

Þegar ástæða þess að barn vill ekki umgangast foreldri má rekja til samskiptavanda er oft hægt að leysa hann, til dæmis með aðstoð fagfólks eða einhverra nákominna. Ef umgengnisforeldrið er búið að eignast nýja fjölskyldu er vert að benda á www.stjuptengsl.is til upplýsinga. Þegar barn vill alls ekki fara í umgengni getur verið ástæða til þess að koma til móts við barnið og breyta umgengnisfyrirkomulaginu tímabundið, til dæmis þannig að barnið hittir foreldrið í styttri tíma í einu og/eða gisti ekki hjá því. Með tímanum er þá vonandi hægt að byggja upp betra samband milli foreldris og barns og koma á rýmri umgengni.

Þegar barn vill ekki fara í umgengni vegna þess að því líður illa á heimili umgengnisforeldris, svo sem vegna ofbeldis og/eða óreglu, er mikilvægt að taka tillit til þess. Við slíkar aðstæður getur verið nauðsynlegt að takmarka umgengni með einhverjum hætti. Þegar ástæða er til þess að óttast um velferð barns á heimili umgengnisforeldris getur sýslumaður til dæmis ákveðið að umgengni skuli fara fram undir eftirliti barnaverndarnefndar eða sérstaks umsjónaraðila.

Við ákveðnar aðstæður getur umgengni talist andstæð högum og þörfum barnsins en í slíkum tilvikum getur sýslumaður ákveðið að umgengni skuli ekki fara fram, sbr. 7. mgr. 47. gr. barnalaga. Á það við í þeim tilvikum sem öryggi og velferð barns er stefnt í hættu á heimili umgengnisforeldris og barn vill enga umgengni.

Eftir því sem börn eldast og þroskast er eðlilegt að þau ráði meiru um það hvernig umgengni er háttáð. Þegar um unglinga er að ræða er mjög erfitt að þvinga þá í umgengni ef þeir vilja alls ekki fara. Er því oftast betra að reyna koma til móts við þá og komast að samkomulagi.

Ef umgengni samkvæmt úrskurði, staðfestum samningi, dómsátt eða dómi er hindruð getur sá sem rétt á til umgengni við barn farið fram á að umgengnin verði knúin fram með álagningu dagsektá á það foreldri sem hindrar umgengnina. Þetta á eingöngu við ef það foreldri sem fer með forsjá barns hindrar með ólögætum hætti umgengni við forsjárlausa foreldrið. Ef umgengni er hindruð þrátt fyrir álagningu dagsektá og fjárnám fyrir þeim getur héraðsdómari heimilað að umgengni verði komið á með beinni aðfarargerð. Aftur á móti eru ekki lagaúrræði til að knýja fram umgengni samkvæmt munnlegum samningi foreldra eða samkvæmt óstaðfestum skriflegum samningi þeirra.

Á heimasíðu [sýslumannsins í Reykjavík](#) (undir liðnum leiðbeiningar) er mjög gagnleg umfjöllun um umgengni.

Hvað get ég gert ef barnsmóðir/barnsfaðir tálmar umgengni?

Svar:

Í [barnalögum](#) nr. 76/2003 er kveðið á um umgengnisrétt en hann felur í sér rétt til samveru foreldris og barns. Þau sjónarmið sem umgengnisreglur VIII. kafla barnalaga nr. 76/2003 byggja á, eru að barn eigi rétt á samskiptum við báða foreldra sína, enda sé slíkt ekki talið andstætt hagsmunum þess. Jafnframt er kveðið á um rétt og skyldu foreldra til þess að rækja þessa umgengni sbr. 46.gr. laganna:

46. gr. Umgengnisréttur.

Barn á rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Við skilnað eða slit á sambúð hvílir sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur.

Foreldri sem barn býr ekki hjá á í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn sitt. Skal það foreldri greiða kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Foreldrar geta samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti, enda fari sú skipan ekki í bága við hag og þarfir barnsins.

Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi skv. 3. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina þeim um réttaráhrif samnings. Sýslumaður getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns.

Samkvæmt ofangreindu er það gagnkvæmur grundvallarréttur barns og þess foreldris sem barn býr ekki hjá að njóta samneytis hvort við annað. Jafnframt ber því foreldri sem barn býr hjá að staðaldri skylda til að sjá til þess að þessi grundvallarréttur sé virtur. Engar reglur eru í barnalögum um hversu mikil umgengni á að vera heldur ræðst hún yfirleitt af samkomulagi milli foreldra. Geti foreldrar ekki náð samkomulagi um umgengnina er sá möguleiki fyrir hendi að leita til sýslumanns og óska eftir úrskurði hans um hana. Sýslumaður metur þá inntak umgengninnar út frá aðstæðum og hagsmunum barnsins. Á [heimasíðu sýslumannsins í Reykjavík](#) eru góðar upplýsingar um umgengni undir liðnum leiðbeiningar.

Ef umgengni samkvæmt úrskurði, staðfestum samningi, dómsátt eða dómi er hindruð getur sá sem rétt á til umgengni við barn farið fram á að umgengnin verði knúin fram með álagningu

dagsekta á það foreldri sem hindrar umgengnina. Þetta á eingöngu við ef það foreldri sem fer með forsjá barns hindrar umgengni við forsjárlausa foreldrið. Ef umgengni er hindruð þrátt fyrir álagningu dagsekta og fjárnám fyrir þeim getur héraðsdómari heimilað að umgengni verði komið á með beinni aðfarargerð. Aftur á móti eru ekki lagaúrræði til að knýja fram umgengni samkvæmt munnlegum samningi foreldra eða samkvæmt óstaðfestum skriflegum samningi þeirra. Á [heimasíðu sýslumannsins í Reykjavík](#) (undir liðnum leiðbeiningar) er mjög gagnleg umfjöllun um dagsektir og önnur þvingunarúrræði til að koma á umgengni.

Í 28. grein barnalaga segir: „Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.“ Foreldrum ber því að taka réttmætt tillit til skoðana barnsins. Ef barn hefur skýran vilja um að fara ekki í umgengni til þess foreldris sem það býr ekki hjá getur hinu foreldrinu fundist það knúið til að tálma umgengni í stað þess að senda barn sitt nauðugt í umgengni krefjist hitt foreldrið þess þrátt fyrir afstöðu barns. Þá er mikilvægt að ræða málin og komast að ástæðum þess að barnið vill ekki fara í umgengni. E.t.v. er þá hægt að breyta umgengnisfyrrkomulaginu til reynslu, t.d. þannig að barnið gisti ekki hjá hinu foreldrinu. Fólki er alltaf í sjálfsvald sett að breyta umgengnissamningi. Sýslumaður getur aðstoðað við þess háttar breytingar og veitt foreldrum ráðgjöf.

Svona mál er auðvitað alltaf best að reyna að leysa í góðu, annaðhvort innan fjölskyldunnar (t.d. með aðstoð frá afa eða ömmu barnsins) eða með aðstoð fagaðila eins og fjölskylduráðgjafa eða sálfræðings. Í flestum tilvikum býður félagsþjónusta sveitarfélaga upp á fjölskylduráðgjöf fyrir þá sem búsettir eru í sveitarfélaginu.

Óleyst tilfinningamál hafa oft áhrif á afstöðu og hegðun foreldra hvað varðar umgengni. Þó að foreldrarnir séu ekki sáttir við hvort annað er mikilvægt að allir aðilar reyni alltaf að haga málum á þann veg sem er barninu fyrir bestu. Mikilvægt er að foreldrarnir leggi sig fram um að fullvissa barnið um að það eigi ást og umhyggju beggja þó að foreldrarnir elski ekki hvort annað. Barn sem lendir á milli í ósætti foreldra gæti þurft á aðstoð fagaðila að halda til að vinna úr vanlíðan sem fylgir þessu mikla álagi og því er mikilvægt að vera vakandi yfir líðan barnsins og hegðun.

Vert er að mæla með bókinni *Barnasálfræði frá fæðingu til unglingsára* eftir Álfheiði Steinþórsdóttur og Guðfinnu Eydal. Í bókinni er sérstakur kafli sem ber heitið „Umgengni eftir skilnað“. Þar er fjallað um umgengni barna á mismunandi aldurstigum og gefin góð ráð fyrir foreldra í umgengnismálum.

Hvað má 16 ára unglingur vera lengi úti á kvöldin?

Svar:

Fjallað er um útivistartíma barna í 92. gr. [barnaverndarlaga nr. 80/2002](#), þar segir:

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða

æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag

Þetta þýðir að reglur barnaverndarlaga um útivistartímann gilda ekki fyrir þá unglunga, sem verða 16 ára á árinu. Það gilda því engar sérstakar opinberar reglur um útivistartíma 16 ára unglunga.

Áður voru reglurnar þannig að miðað var við afmælisdaginn og þá var mismunun milli þeirra sem áttu afmæli snemma á árinu og hinna, sem áttu afmæli seinna á árinu. Nú gilda sömu reglur fyrir alla í sama árgangi og er því miðað við 1. janúar þess árs sem börnin verða 13 eða 16 ára.

Skv. barnalögum ráða foreldrar persónulegum högum barna sinna og bera ábyrgð á þeim til 18 ára aldurs. Foreldrar geta því sett reglur um útivistaríma 16-18 ára barna sinna. Í þessu samhengi má benda á 6. mgr. 28. gr. [barnalaga nr 76/2003](#) en þar segir:

Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.

Rétt er að foreldrar hafi þessa lagagrein í huga þegar ákvarðaður er útivistartími 16-18 ára unglunga en foreldrar eiga þó alltaf lokaorðið.

Hvað þurfa börn að vera orðin gömul til að ráða hvernig umgengni er háttað?

Svar:

Í barnalögum nr. 76/2003 er fjallað um að barn eigi rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá. Í lögnum er þó ekki tekið fram hversu mikil sú umgengni skuli vera. Inntak umgengni ræðst því fyrst og fremst af samkomulagi milli foreldra.

Börn eiga að njóta almennt stigvaxandi réttinda miðað við aldur og þroska. Í lögnum eru ekki gefin upp nein aldersmörk en foreldrum ber skylda til að hafa samráð við barn sitt um málefni þess eftir því sem gerlegt er og taka tillit til afstöðu þess í samræmi við vaxandi þroska þess. Í 28. grein barnalaga segir:

„Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.“

Báðum foreldrum ber því að hlusta á það sem barnið hefur fram að færa og taka réttmætt tillit til skoðana þess varðandi umgengni. Eftir því sem börn eldast og þroskast eiga þau að hafa

meiri áhrif á umgengni. Þegar um er að ræða unglunga er erfitt að neyða þá í umgengni gegn vilja þeirra og því best að taka tillit til afstöðu þeirra og komast að samkomulagi.

Í þeim tilvikum sem foreldrar geta ekki komið sér saman um umgengni er hægt að leita til sýslumanns og óska eftir úrskurði. Sýslumaður tekur þá ákvörðun um hvernig umgengni skuli háttað úr frá því sem er barninu fyrir bestu hverju sinni. Eins og á við um allar ákvarðanir sem varða börn ber sýslumanni að sjálfsögðu að líta til vilja barnsins áður en hann tekur slíka ákvörðun, sbr. 1. mgr. 43. gr. barnalaga. Afstaða barns fær aukið vægi með aldri þess og þroska og hefur vilji stálpaðra barna því grundvallarþýðingu þegar tekin er afstaða til umgengnisréttar.

Nánari upplýsingar um umgengni og önnur fjölskyldumál er að finna [hér](#).

Hvað þurfa börn að vera orðin gömul til að sækja systkini sín í leikskóla?

Svar:

Engar reglur um þetta er að finna í lögum eða reglugerðum. Hins vegar hafa einstök sveitarfélög eða leikskólar sett sér viðmiðunarreglur í þessu efni.

Árið 2001 ritaði Þórhildur Líndal, þáverandi umboðsmaður barna, bréf til leikskólanefnda sveitarfélaga með fleiri en 1000 íbúa þar sem hún greindi frá þeirri skoðun sinni að það væri ábyrg stjórnun af hálfu leikskóla að setja almennar reglur um hverjir mættu sækja börn í leikskóla. Það væri hins vegar alfarið á valdi sveitarfélaga eða einstakra leikskóla við hvaða aldur væri miðað í slíkum reglum.

Ótvírætt er að foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum á leið í og úr leikskólanum. Leikskólar bera ábyrgð á öryggi og velferð þeirra meðan þau dvelja í leikskólanum eða eru á ferð á hans vegum. Starfsmönnum leikskóla ber í öllum störfum sínum að sýna ábyrgð og aðgæslu. Þeim ber jafnframt að hafa það að leiðarljósi sem barni er fyrir bestu, sbr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Starfsmenn mega því ekki setja barn í hendurnar á hverjum sem er að skóladegi loknum.

Með tilliti til öryggis þeirra ungu barna sem í hlut eiga vill umboðsmaður barna árétta að eðlilegt er að leikskólar setji sér viðmiðunarreglur í þessu efni. Þær hljóta að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Ekki er rétt að leggja almennt þá ábyrgð á börn yngri en 12 ára að tryggja öryggi og velferð yngri barna á leið til og frá leikskóla. Þó mætti í undantekningartilvikum gera það og þá m.a. að teknu tilliti til nálægðar heimilis barnsins við leikskólann. (Í þessu sambandi má benda á túlkun Vinnueftirlitsins á reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga. Á vef þess er í kaflanum „Spurt og svarað” fjallað um lágmarksaldur fyrir störf við barnagæslu. [Sjá hér](#))

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 er leikskólastjóra skylt að stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskólans með velferð barnsins að markmiði. VI. kafli reglugerðar nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla fjallar um samstarf leikskóla og foreldra. Í

18. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að samstarf leikskóla við foreldra skuli byggja á þeirri forsendu að foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna.

Umboðsmaður telur að rétt sé og heppilegt að leikskólastjórar hafi samráð við foreldrafélag viðkomandi leikskóla við gerð viðmiðunarreglna um ofangreint.

Hvaða rétt hafa afar og ömmur varðandi umgengni við barnabörn?

Svar

Í lögum segir ekkert um umgengni barna við afa sína og ömmur. Litið er á rétt þeirra, sem og annarra fjölskyldumeðlima, sem afleiddan af rétti foreldra til umgengni við börn sín. Mikilvægt er að barn þekki fjölskyldu sína og nánustu ættingja og umgangist þau ef foreldri telur slíka umgengni ekki vera andstæða hagsmunum barns af einhverjum ástæðum. Foreldrar, eða þeir sem fara með forsjá barns, geta ákveðið að ung börn þeirra umgangist ekki ákveðna aðila í fjölskyldunni en þegar börnin eldast og þroskast eiga þau að fá meira að segja um samskipti sín við ættingja sína.

Í sérstökum tilvikum, t.d. þegar umgengnisforeldrið er látið, er af einhverjum ástæðum ófært um að sinna umgengni (t.d. vegna veikinda, dvalar erlendis eða fíkniefnaneyslu) er grundvöllur til að fá sýslumann til að ákvarða umgengni.

Um þetta er fjallað í 47. grein [barnalaga](#):

„Nú er annað foreldra barns látið eða bæði, eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn, og geta þá nánir vandamenn þess foreldris krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni þeirra við barn í samræmi við 2. mgr.“

Í athugasemdum við einstakar greinar í [frumvarpi til barnalaga](#) segir m.a. um 47. greinina:

„Þegar litið er til þess hverjir teljist til náinna vandamanna mundi einkum horft til afa og ömmu barns en aðrir ættingjar og venslamenn gætu og komið til greina. Ákvæðið á við ef annað foreldra barns er látið, eða bæði, en einnig ef foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar, t.d. vegna vanhæfni eða langvarandi dvalar erlendis. Í tengslum við síðastgreinda atriðið er rétt að geta þess vegna misskilnings, sem sífjalaganefnd hefur orðið vör við, að það að foreldri sem býr erlendis hafi síma- og/eða bréfasamband við barn leiðir ekki sjálfkrafa til þess að ekki komi til álita að ákveða umgengni þess við t.d. afa og ömmu. Verður að koma til mats á hagsmunum barnsins áður en ákveðið er hvort umgengni afa og ömmu, eftir atvikum annarra, kemur til greina þegar svo stendur á.“

Sýslumaðurinn, þar sem barnið hefur lögheimili, tekur ákvörðun um þetta og getur því gefið frekari upplýsingar.

Hvenær mega unglingar byrja að vinna við barnagæslu?

Svar:

Umboðsmaður barna mælir með að foreldrar leyfi börnunum að njóta æskunnar – í öruggum höndum þeirra sem valda því að gæta þeirra. Ekki ætti að fela barni að gæta annars barns nema undir eftirliti fullorðinna. Vinna unglunga getur verið uppbyggjandi og góður undirbúningur fyrir lífið en hins vegar geta of erfið og ábyrgðarmikil störf valdið skaða.

Um vinnu barna og unglunga eru ákvæði í [lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum](#) og [reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga](#). Vinnueftirlitið hefur eftirlit með því að lögnum og reglum sé framfylgt. Tilgangurinn með þessum reglum er að koma í veg fyrir að börn vinni störf sem geta verið þeim hættuleg andlega og líkamlega. Í reglum eru tekin dæmi um störf sem unglingar í aldurshópnum yngri en 13 ára, 13–14 ára og 15 ára og eldri mega vinna en barnagæsla er ekki þar meðtalin. Að bera ábyrgð á lífi og líðan lítilla barna er mjög ábyrgðarmikið starf, sem getur valdið þeim sem ekki eru búnir að taka út fullan þroska af miklu andlegu álagi. Ef eitthvað kemur fyrir er ábyrgðin gífurleg. Dæmi eru um að alvarleg slys og jafnvel dauðsföll hafi komið fyrir við svona aðstæður en slys á heimilum eru meðal algengustu slysa á Íslandi og verða flest í aldurshópnum 0–4 ára. Barnagæsla er því í eðli sínu ekki sambærileg við þau störf sem talin eru upp í fyrrnefndum reglum um vinnu barna og unglunga.

Vinnueftirlitið hefur túlkað fyrrnefndar reglur þannig að ekki sé heimilt að ráða börn yngri en 15 ára til að starfa við barnagæslu. [Sjá hér](#) samantekt sem Vinnueftirlitið útbjó í samráði við umboðsmann barna og fulltrúa frá Árvekni og Rauða krossi Íslands.

Hver er upplýsingaskylda skóla við forsjárlaus foreldra?

Svar:

Um þetta atriði gildir ákvæði 52. gr. [barnalaga nr. 76/2003](#) (Réttur til upplýsinga um barn). Forsjárlaust foreldri á rétt á að fá upplýsingar frá forsjárforeldrinu um ýmislegt er varðar barnið, svo sem heilsufar, þroska, leikskóla- og skólagöngu. Jafnframt á það rétt á að fá upplýsingar um barnið hjá leikskólum, skólum, heilsugæslustöðvum, barnaverndarnefndum og fleiri opinberum stofnunum. Hér er átt við munnlegar upplýsingar, ekki t.d. ljósrit af bréfum og gögnum. Þessi réttur felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldrisins. Í sérstökum tilvikum er hægt að synja um slíkar upplýsingar og er þá hægt að skjóta synjun til sýslumanns. Þetta ákvæði kom fyrst inn í lög árið 1995. Góða umfjöllun um þetta atriði er að finna í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpinu á sínum tíma. [Hér](#) er frumvarpið. Umfjöllunin er undir kaflanum „Um 3. gr“.

Hvernig á að bregðast við þegar ósakhæft barn eða unglingur á grunnskólaaldri brýtur rúðu eða fremur annað skemmdarverk á skólalóð?

Svar:

Afbrot

Það fyrsta sem þarf að huga að er hvort um viljaverk eða óhapp er að ræða. Þegar barn brýtur viljandi rúðu eða fremur annað skemmdarverk viljandi er um að ræða lögbrot. Samkvæmt 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er börnum ekki refsað fyrir brot sem þau fremja áður en þau verða 15 ára. Þetta þýðir að börn teljast sakhæf þegar þau verða 15 ára gömul, þ.e. við lok 15. afmælisdags.

Samkvæmt reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla skal hver skóli setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Þar skal m.a. koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á skólareglum. Það getur því verið mismunandi eftir atvikum máls hverju sinni og skólareglum hvernig brugðist er við skemmdarverkum barna. Eðlilegt er að skólastjóri eða annar starfsmaður skólans ræði við viðkomandi nemanda og meti svo framhald málsins í ljósi skólareglna. Einnig getur verið nauðsynlegt að ræða við aðra nemendur til að leiða í ljós atvik málsins. Skólastjóri getur ákveðið að málið sé ekki svo alvarlegt að nauðsynlegt sé að kalla til lögreglu. Getur hann t.d. samið við viðkomandi nemanda um að hann bæti á einhvern hátt fyrir skemmdarverkið (s.s. með því að þrifa veggjakrot eða lagfæra minniháttar skemmdir). Yfirleitt er það gert í samráði við foreldra eða forráðamenn barnsins. Þegar um alvarleg brot er að ræða er þó eðlilegast að lögreglan sé kölluð til og gilda þá um samskipti lögreglunnar við börnin og forsjáraðila þeirra, tilmæli eða leiðbeiningar sem settar voru af ríkissaksóknara árið 2001. Hlutverk lögreglu í málum ósakhæfra barna er fyrst og fremst eins konar hjálpar- eða aðstoðarhlutverk við börnin og fjölskyldur þeirra.

Í framangreindum tilmælum ríkissaksóknara um meðferð mála gegn börnum undir 15 ára aldri, sem eru fyrst og fremst byggð á barnaverndarlögum, segir að kalla skuli til lögreglu ef grunur er um afbrot ósakhæfs einstaklings og skuli lögreglan þá þegar hafa samband við barnaverndarnefnd. Rannsóknin fer m.a. fram með það fyrir augum að leiða umfang brotsins í ljós og til að ganga úr skugga um hvort aðrir kunni að eiga þátt í brotinu. Ef yfirheyra á barnið skal barnaverndarnefnd senda fulltrúa sinn á staðinn. Barnaverndarstarfsmaðurinn hefur síðan samband við foreldra barnsins og geta foreldrarnir verið viðstaddir yfirheyrsluna nema hagsmunir barnsins eða rannsóknarhagsmunir standi í vegi fyrir því. Ekki er um sakamál að ræða heldur barnaverndarmál, en lögreglu er að sjálfsögðu heimilt að flytja barnið á lögreglustöð til yfirheyrslu o.s.frv. Þetta verður þó alltaf að gerast með vitund barnaverndar sem og foreldra. Talið er að ef bið eftir fulltrúa barnaverndarnefndar spilli fyrir rannsókn málsins megi lögregla byrja yfirheyrslu án viðveru hans.

Þó að barn sé ósakhæft getur það borið bótaábyrgð. Samkvæmt íslenskum rétti er ekki miðað við ákveðinn aldur þegar metið er hvort börn getið orðið skaðabótaskyld, heldur er miðað við hvort ætla megi að barn á sama aldri og tjónvaldur hefði skilið að hegðun sú sem um er að ræða væri hættuleg eða líkleg til að valda tjóni. Yngsta barn sem dæmt hefur verið bótaskyld í Hæstarétti var 10 ára gamalt er það olli tjóni.

Óhapp — bótaábyrgð

Þegar barn veldur eignarspjöllum í skóla án þess að það sé viljandi gert, þarf að meta

afleiðingar þess hverju sinni. Ef barnið sýndi ekki af sér gáleysi og um hreint óhappatilvik er að ræða ber það ekki ábyrgð. Ef það hefur hins vegar gengið ógætilega um og sýnt af sér gáleysi getur hann borið bótaábyrgð samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu. Bóthæfi ræðst af því hvort ætla megi að barn á sama aldri og tjónvaldur hefði skilið að um hættulega hegðun væri að ræða sem væri líkleg til að valda tjóni.

Foreldrar eru ekki ábyrgir fyrir skaðaverkum sem börn þeirra vinna. Foreldrar sem og aðrir sem bera ábyrgð á börnum, s.s. skólar, geta þó borið sjálfstæða skaðabótaábyrgð ef um saknæman eftirlitsskort er að ræða. Hins vegar ná fjölskyldutryggingar oft til skaðaverka barna. Ef barn váttryggingartaka veldur tjóni sem ekki er bótaskyldt að lögum bætir váttryggingarfélag tjónið ef barnið er yngra en 10 ára. Ef tjónið er hins vegar bótaskyldt að lögum, þ.e. barnið hefur sýnt af sér gáleysi, bætir tryggingin það tjón sem börn á heimili váttryggingartaka vinna. Tryggingarnar bæta ekki tjón sem unnið er af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi

Má barn flytja til forsjárlaus foreldris ef það vill það?

Svar:

Nei, barnið getur ekki ákveðið sjálf hvar það býr. Það er samkvæmt [barnalögum nr. 76/2003](#) hlutverk foreldranna að semja um forsjá og lögheimili barna sinna við skilnað/sambúðarslit eða dómstóla að dæma um forsjána ef samkomulag næst ekki. Barnið sjálf á rétt á að tjá sig ef það er talið fært um það miðað við aldur og þroska. Þannig skal taka aukið mið af vilja barnsins eftir því sem það þroskast og hefur sterkari skoðun á málinu. Ef um ungling er að ræða ætti vilji hans að hafa mikil áhrif á ákvörðunina jafnvel þótt hann eigi aldrei lokaorðið.

Ef barn á að flytja til forsjárlaus foreldris, verða foreldrar þess að komast að samkomulagi um að breyta forsjánni eða fara með forsjármál fyrir dómstóla. Nánari upplýsingar eru í V. kafla [barnalaga nr. 76/2003](#), á vef [Sýslumannsins í Reykjavík](#), undir flípanum *leiðbeiningar* og á [vef dómsmálaráðuneytisins um barnalög](#).

Má beina innheimtu að börnum?

Svar:

Í VII. kafla [löggræðis laga nr. 71/1997](#) eru ákvæði er varða fjárræði og meðferð fjármuna barna og unglunga. Samkvæmt lögnum verða menn fjárráða við 18 ára aldur en fram að þeim tíma fara foreldrar/forráðamenn barns með fjárhald þess. Ein undantekning er frá þessari reglu í lögnum, en hún heimilar barni að ráðstafa sjálfsafla- og gjafafé sínu.

Þrátt fyrir þessa undanþágu, að barni sé heimilt að ráðstafa sjálfsafla- og gjafafé sínu kemur það skýrt fram í lögnum að ófjárráða barni sé með öllu óheimilt að stofna til skulda. Þar segir jafnframt að löggerningar ólöggráða manns bindi hann ekki.

Einstaklingum og lögaðilum er því með öllu óheimilt að beina kröfu að barni til innheimtu skulda.

Samkvæmt ofangreindu er fyrirtækjum og stofnunum því óheimilt að eiga viðskipti við ófjárráða einstakling, sem felur í sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir hann, án samþykkis forráðamanna. Það að fá samþykki forráðamanns og upplýsingar um hann er eina trygging fyrirtækisins fyrir greiðslu. Geri fyrirtækið hins vegar samning við ófjárráða einstakling, án samþykkis forráðamanna, tekur það áhættu af því að fá ekki greiðslu samkvæmt samningnum.

Stundum kemur þó fyrir að fyrirtæki og stofnanir stúli innheimtubréf á börn. Yfirleitt er það vegna mistaka eða gáleysis. Í þeim tilvikum er best fyrir forráðamenn að hafa samband við þann sem sendir kröfuna til að fá þetta leiðrétt og til þess að koma í veg fyrir að það endurtaki sig.

Hafa verður í huga að þrátt fyrir þessar meginreglur laganna um að löggerningar ófjárráða bindi þá ekki, eru í lögum ákveðnar undantekningar frá þeim. Þá er jafnframt kveðið á um skilaskyldu, þ.e. hvor aðili um sig skal skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Skal hinn ólögráða greiða féggjald að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum. Þarf því ávallt að meta hvert tilvik fyrir sig.

Í lögráðum og forsjá barna felst skylda foreldra til að upplýsa og fræða börn sín, m.a. um ábyrga meðferð fjármuna, eftir því sem aldur og þroski gefur tilefni til.

Í 69. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 er þó að finna undanþágu frá þeirri meginreglu að ófjárráða einstaklingur má ekki stofna til skulda en þar segir að ófjárráða maður geti keypt og selt eignir (t.d. fasteignir, bíla, báta eða fyrirtæki), þegið eignir að gjöf og leigt út fasteign með samþykki yfirlögráðanda. Samþykki yfirlögráðanda þarf einnig til allra ráðstafana varðandi fjárhald ófjárráða manns sem eru mikils háttar eða óvenjulegar miðað við efni hins ófjárráða.

Þar sem þetta er veigamikil undanþága á þeirri meginreglu laganna að ófjárráða börnum sé óheimilt að stofna til skulda óskaði embætti umboðsmanns barna eftir skýringum dómsmálaráðuneytisins (sem fer með túlkun lögræðislaganna) á ákveðnum álitæfnum er þetta varðar.

Í fyrsta lagi var óskað skýringa á því hvaða réttaráhrif það hafi í för með sér þegar ófjárráða barn, einstaklingur yngri en 18 ára, fær heimild yfirlögráðanda (sýslumanns) til þess að kaupa/selja ökutæki eða fasteign. Í öðru lagi var óskað álits ráðuneytisins á því hvort heimilt væri að beina innheimtu t.d. skólagjalda eða þátttökugjalda ýmis konar tómstunda barna beint að ófjárráða barni en ekki forsjáraðilum þess.

Svarbréf kom frá dómsmálaráðuneytinu í apríl 2002. Þar segir m.a:

„Skv. 1. mgr. 69. gr. lögræðis laga þarf samþykki yfirlögráðanda til þess að binda ófjárráða mann við kaup á skráningarskyldu ökutæki eða fasteign. Sama gildir ef ófjárráða er afhent slík eign án þess að endurgjald komi fyrir. Í greinargerð með 1. mgr. 69. gr. lögræðis laga segir: “ þar sem margskonar skyldur hvíla á eigendum þeirra eigna sem tilgreindar eru í málsgreininni þykir rétt að yfirlögráðandi meti hvort hinn ófjárráða hafi hag af eignatilfærslunni og er því lagt til að samþykki hans þurfi til að koma þegar þannig hagar til. Það er því ljóst að ekki er eingöngu verið að horfa til þess að hinn ófjárráða aðili geti staðið

skil á því endurgjaldi sem fyrir ökutækið kemur heldur jafnframt til þess að þegar hinn ófjárráða aðili verður eigandi t.d. skráningarskylds ökutækis tekst hann á hendur ábyrgð á greiðslu þeirra lögboðnu gjalda sem krafist er af eiganda skráningarskylds ökutækis. Innheimtu lögboðinna gjalda verður því beint að hinum ófjárráða aðila, einnig þegar um er að ræða vanskil á lögboðnum gjöldum, nema hinn ófjárráða hafi sérstaklega verið undanþeginn greiðslu þeirra t.d. með yfirlýsingu lögráðamanns um að hann taki að sér greiðslu þessara gjalda fyrir hinn ófjárráða.

Varðandi síðara álitaeftið þá er ófjárráða óheimilt að stofna til skuldar, sbr. 7. mgr. 75. gr. lögræðislaganna. Kröfu um greiðslu skólagjalda eða þátttökugjalda vegna tómstunda barna skal ekki beina að hinu ófjárráða barni sjálfu heldur verður að beina slíkum kröfum að þeim er hafa forsjá þess, enda greiðsla slíkra gjalda liður í framfærslu barnsins.”

Eins og sést á ofangreindu, verður innheimtu lögboðinna gjalda er hvíla á fasteign eða bifreið beint að ófjárráða barni, enda hafi sýslumaður samþykkt slíka eignatilfærslu. Ef eign er skráð á ófjárráða barn í veðmálabókum eða bifreiðaskrá má ætla að slíkt samþykki sýslumanns liggja fyrir.

Hins vegar stendur eftir sú meginregla laganna að ófjárráða barni er óheimilt að stofna til skuldar og kröfu er varðar t.d. tómstundir eða skólagjöld má ekki beina að barninu sjálfu heldur skal beina innheimtu hennar að forsjáraðila barnsins.

Mega bankar og önnur fyrirtæki senda börnum markpóst?

Svar:

Engar opinberar reglur eru til sem segja að fyrirtæki megi ekki senda auglýsinga- eða markpóst til barna.

Um fjármál barna gilda [lögræðislög nr. 71/1997](#). Ef um er að ræða sjálfsaflafé eða gjafafé barnanna hafa börnin sjálf ráðstöfunarrétt yfir því og geta bankarnir því tekið við því og lagt inn á reikninga barnanna. Hins vegar er ófjárráða einstaklingum óheimilt að skulda fé án samþykkis lögráðamanna og eftir atvikum yfirlögráðanda. Umboðsmaður barna hefur beint því til viðskiptabankanna að hafi bankastofnanir í hyggju að senda markpóst til ungra barna skuli hann fortakslaust sendur á nöfn foreldra þeirra sem sjá þá um að velja og hafna fyrir hönd barnsins. Í [ársskýrslu umboðsmanns barna fyrir 2004](#) er fjallað um markaðssetningu banka gagnvart börnum á bls. 67-70.

Hinn 1. mars 2006 héldu umboðsmaður barna, talsmaður neytenda og Heimili og skóli málþing um börn og auglýsingar. Aðalefni málþingsins var spurningin hvort vilji væri til að setja markaðssetningu sem beint er að börnum frekari mörk. Sjá erindi frá málþinginu [hér](#), þ.á m. erindi umboðsmanns barna um lagareglur sem gilda um markaðssetningu gagnvart börnum.

Mega börn kaupa sér ferðir til útlanda?

Svar:

Það er ekkert í lögum sem bannar ferðaskrifstofum að selja börnum yngri en 18 ára farseðla til útlanda.

Hins vegar hefur umboðsmaður barna tekið þetta mál til meðferðar. Árið 2000 barst ábending vegna ferða ólögráða barna til útlanda á eigin vegum án þess að samráð væri haft við foreldra þeirra eða aðra forráðamenn. Í kjölfar ábendingarinnar sendi umboðsmaður fyrirspurn til nokkurra ferðaskrifstofa og óskaði eftir að fá sendar þær starfsreglur, sem fylgt er þegar unglingur yngri en 18 ára hyggst kaupa ferð til útlanda og fyrir liggur að foreldrar muni ekki vera með í för. Fyrirspurninni var m.a. beint til Heimsferða, Plúsferða, Terra Nova Sól og Úrvals-Útsýnar. Benti umboðsmaður þessum söluaðilum á 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 (þágildandi 29. gr. barnalaga nr. 20/1992) um inntak forsjár. Þar segir m.a. að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Það að ráða dvalarstað barnsins er m.a. talið felast í því að ráða persónulegum högum þess og verður því að teljast eðlilegt að haft sé samráð við foreldra eða aðra forráðamenn þegar börnum undir 18 ára aldri eru seldir farmiðar til útlanda.

Skemmst er frá því að segja að allar ofangreindar ferðaskrifstofur hafa sett sér sérstakar reglur varðandi samráð/samþykki foreldra eða forráðamanna áður en farmiðar eru seldir til barna og ungmenna undir 18 ára aldri og voru umboðsmanni send afrit af þessum reglum. Nokkrar þeirra höfðu þegar sett sér slíkar reglur en aðrar gerðu það í kjölfar fyrirspurnar umboðsmanns. Nánar er fjallað um þetta mál í [úrsskýrslu umboðsmanns barna fyrir árið 2000](#).

Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmaður barna hefur undir höndum er því ljóst að umræddir söluaðilar hafa sett sér vinnureglur sem þeir starfa eftir þegar um er að ræða farmiðasölu til þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Þessar reglur miða allar að því að samþykki foreldra/forráðamanna er óskað þegar börn yngri en 18 ára eiga í hlut. Þó ber að hafa í huga að þessar reglur eru ekki samræmdar á milli seljenda og geta því verið mismunandi eftir því hver þeirra á í hlut.

Mega foreldrar lesa tölvupóst barna sinna eða afrita það sem barnið hefur skrifað á Netinu, án vitundar barnsins?

Svar:

Í ýmsum lögum eru refsíákvæði til verndar friðhelgi einkalífs. Sem dæmi má nefna að samkvæmt 228. gr. [almennta hegningarlaga nr. 19/1940](#) er refsivert að hnýsast í bréf, skjöl, gögn eða forrit á tölvutæku formi, dagbækur eða önnur slík gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns sé það gert án samþykkis viðkomandi og gögnin fengin með brögðum, bréf opnað, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð. Þá er það einnig refsivert að hnýsast í hirslu annars manns án nægilegra ástæðna.

Persónuleg gögn barns, svo sem bréf, dagbækur, minnisblöð o.þ.h. njóta verndar 71. gr. [stjórnarskrárinnar](#) og 16. gr. [Barnasáttmálans](#). Það er meginregla að foreldrar hafa ekki leyfi til að opna persónuleg bréf barns síns eða lesa persónuleg gögn, s.s. dagbækur o.þ.h. Sama regla gildir um aðgang foreldra að hirslum og geymslum barns, hvort heldur þær eru læstar eða ekki. Kunnir barn ekki að lesa verða foreldrar hins vegar að opna og lesa bréf og sama gildir væntanlega ef foreldrar eru fullkomlega vissir um að efni bréfs varði málefni sem kalli á samþykki þeirra. Þá hefur verið viðurkenndur réttur foreldra til að opna bréf barns ef þá grunar að innihald bréfs sé ólöglegt, t.d. fíkniefni.

Um aðgang að tölvupósti skiptir máli hvar á heimilinu tölvan er staðsett. Sé um að ræða tölvu í eigu og umráðum barns gildir sama meginreglan og rakin var hér að framan. Ef um er að ræða samnot heimilismanna á tölvu má ætla, t.d. vegna skilyrðis um aðgangsorð, að tölvupóstur sé öllum í fjölskyldunni aðgengilegur.

Það sem er skrifað á Netið, t.d. á bloggsíður, eru opinber gögn og öllum aðgengileg. Þó að mörgum börnum finnist ólíklegt að foreldrar þeirra lesi nokkurn tíma skrif þeirra á Netinu er mikilvægt að ræða þessi mál þannig að öllum sé ljóst að allir hafa aðgang að því sem birt er á Netinu; foreldrar, ömmur, afar, kennarar o.fl.

Að undanfögnu hefur verið rætt um aðgerðir til að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni á Netinu og til að takmarka aðgang þeirra að slíku efni, enda hefur komið í ljós að svokallaðar spjallrásir á Netinu (MSN) hafa reynst börnum hættulegar. Það getur því verið fullt tilefni til eftirlits foreldra að þessu leyti enda ber þeim skylda til að vernda börn sín fyrir aðsteðjandi hættum. Samkvæmt 94. gr. [barnaverndarlaga nr. 80/2002](#) ber foreldrum, eftir því sem í þeirra valdi stendur, að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því. Í þessu sambandi skal það tekið fram að eftirlit af þessu tagi má hins vegar ekki gera með leynd.

Aðalatriðið er að barn á rétt á friðhelgi á heimili sínu og það á ekki að þurfa að sæta því að gengið sé um persónulega muni þess án leyfis. Þessi réttarvernd nær að sjálfsögðu bæði til barna og fullorðinna.

Nánar er fjallað um rétt barna til friðhelgi einkalífs og til trúnaðar af hálfu opinberra starfsmanna í skýrslunni *Friðhelgi einkalífs* sem Ragnheiður Thorlacius lögfræðingur vann fyrir umboðsmann barna árið 2003. [Opna á PDF formi.](#)

Þegar fólk hefur sambúð og konan á barn fyrir með öðrum manni en hefur forsjána ein, hverjar eru þá skyldur stjúeforeldrisins gagnvart barninu?

Svar:

Um svona mál gilda ákvæði 3. mgr. 29. gr. [barnalaga](#) nr. 76/2003 en þar segir:

Ef foreldri, sem er ekki í hjúskap og fer eitt með forsjá barns síns, gengur í hjúskap eða tekur upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu, er forsjá barns einnig hjá stjúforeldri eða

sambúðarforeldri, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár. Forsjá stjúpfareldris eða sambúðarforeldris varir eingöngu meðan hjúskapur eða sambúð stendur, sbr. þó 2. mgr. 30. gr.

Vert er að benda á að forsjá sambúðarmaka kemst ekki á fyrr en að liðnu einu ári frá skráningu sambúðar í þjóðskrá. Eftir þann tíma deilir sambúðarmaki öllum forsjárskyldum, eins og þeim er lýst í 28. gr. barnalaga með móðurinni. Meðlagsgreiðslur kynföður skipta þá engu hvað þetta varðar. Samkvæmt 2. mgr. 53. gr. er sambúðarmaka skylt að framfæra barnið eins og það væri hans eigið.

Ef móðirin fellur frá þá fer sambúðarmakinn áfram með forsjána skv. 2. mgr. 30. gr. barnalaga en þar segir: „*Nú hefur annað foreldri farið með forsjá barns og fer stjúpfareldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, sbr. 3. mgr. 29. gr., áfram með forsjá eftir andlát forsjárfareldris.*“

Kynfaðir getur við slíkar aðstæður farið fram á að fá forsjá barns en ákvörðun um slíkt myndi taka mið af því sem barninu er fyrir bestu.

Mjög góðar upplýsingar um forsjá er að finna [hér](#) á vef dómsmálaráðuneytisins. Einnig er vert að benda á vefinn www.stjuptengsl.is.